




VERKTAKAR HF

Akralind 4 Kópavogi

	KÓPAVOGSBÆR
	MÓTTAKIÐ
GP	3. FEB. 2011
PM	Málsnr.: 1102108
Bréfalykill:	510.03

1. feb 2011

Bæjarráð/ Bæjarstjóri Kópavogs Arnarsmári 36 Nónhæð

Nú er staðan þannig í samfélaginu að nauðsynlegt er að koma framkvæmdum af stað til að skapa tekjur og komast uppúr þeirri kyrrstöðu sem ríkir .

KS verktakar keyptu árið 2002 landsvæði hér í miðjum Kópavogi sem heitir Nónhæð og Arnarsmári 36. Búið er að leggja mikla vinnu í skipulag á þessum rúmum 8 árum sem Nónhæð hefur verið í eigu KS verktaka . En KS verktakar hafa verið með umfangsmikla starfsemi á sínum vegum frá stofnun 1991 og hafa fullgert ca 600 íbúðareiningar og eru að reyna að koma hjólunum af stað á nýjan leik eftir hrunið.

KS verktakar lögðu fram tillögu að breyttu deiliskipulagi í feb/ mars 2010 nokkru fyrir kostningar til sveitastjórnar

Ekki hafa borist önnur en munnleg skilaboð um að aðalskipulag sé í vinnslu hjá Kópavogsbæ .


Nú háttar þannig til að farið er að fækka í Smárskóla og nýting mannvirkja er ekki góð og mun fara versnandi . Þá er ljóst að uppbygging þessa hverfis skapar ekki útgjöld fyrir Kópavogsbæ svo að neinu nemi en mun einungis skapa tekjur sem eru kærkomnar fyrir bæjarsjóð . Eitt af góðum ráðum til að rétta af fjárhagsstöðu Kópavogs er að fjölga íbúum og fasteignum . Samkvæmt nú gilldandi skipulagi þá má byggja þarna tilbeiðslu hús og safnaðarheimili með miklum fjölda 290 bílastæða . Það er orðið ljóst að ef ekki verður klárað aðalskipulag og deiliskipulag fyrir svæðið að þá verður að taka það til annara nota með öllum tiltækum ráðum .

Það eru komin ný skipulagslög sem tóku gildi núna 1. Jan 2011 og í því ljósi vil ég leggja fram tillögu af deiliskipulagi á Nónhæð / Arnarsmára 36 þetta er mjög góð tillaga unnin af Arkís.

KS verktakar hafa lagt áherslu á umhverfisvænar lausnir á skipulagi og á væntanlegum byggingum .

Það er skoðun KS verktaka að með þessu framtaki megi mæta hagsmunum allra aðila , það er íbúa á svæðinu, landeiganda og Kópavogsbæjar. Með jákvæða uppbyggingu sem hefur í för með sér betri nýtingu þeirra grunnstoða sem nú eru fyrir hendi og fjölga íbúum og fasteignum . Þetta svæði er ekkert hirt og engin notar það í dag.

Fyrir hönd KS verktakar hf



Kristján Snorrason